

ÍSLENSK MANNANÖFN



Það þarf að vanda sig við að velja barni nafn sem það ber svo alla ævi og verður hluti af sjálfsmynd þess og ímynd. Úr nógu er að velja því að til eru ríflega sex þúsund íslensk nöfn. Langalgengasta karlmannsnafnið er Jón og algengasta kvenmannsnafnið er Guðrún. Meira en tíu þúsund Íslendingar heita annaðhvort Jón eða Guðrún. Þessi tvö nöfn hafa verið þau algengustu í margar aldir, þó að vinsældir þeirra hafi reyndar dalað síðustu ár og áratugi. Ef við lítum alveg aftur til þess tíma þegar Ísland byggðist báru langflestir nöfn sem voru norræn að uppruna. Til dæmis var nafn þrumuguðsins Þórs algengt í samsetningum, svo sem í nöfnunum Þórunn og Þorgeir. Með landnámsmönnum fluttist hingað fólk af keltneskum uppruna og nokkur keltnesk nöfn skutu rótum, svo sem Kjartan, Njáll og Melkorka. Í bland voru svo nöfn sem bárust frá Englandi og Þýskalandi, svo sem Vilborg og Hlökkver. Eftir kristnitöku árið 1000 bættist síðan við fjöldi nafna sem voru sótt í Biblíuna. Enginn Jesús hefur þó enn fæðst á Íslandi.

HVERS VEGNA GUÐRÚN?

Nafnið er talið samsett úr orðinu *Guð* og viðliðnum *-rún* sem merkir leyndardómur. Samkvæmt því merkir nafnið „guðlegur leyndardómur“ eða „sú sem býr yfir guðlegum leyndardómi“. Fyrri liðurinn, *Guð-*, hefur líka verið tengdur fornháþýska orðinu *gund* sem merkir orrusta. Íslenska orðið *gunnur* er sömu merkingar. Guðrún kemur víða fyrir í fornum heimildum, til dæmis í *Völsunga sögu* (Guðrún Gjúkadóttir) og *Laxdælu* (Guðrún Ósvífursdóttir). Á tímabili hét fimmta hver kona í landinu Guðrún.



10
ALGENGUSTU
KARLMANNS-
NÖFNIN
1. JANÚAR 2013

JÓN	5324
SIGURÐUR	4307
GUÐMUNDUR	4036
GUNNAR	3181
ÓLAFUR	2819
EINAR	2494
KRISTJÁN	2372
MAGNÚS	2359
STEFÁN	2181
JÓHANN	1989

10
ALGENGUSTU
KVENMANNS-
NÖFNIN
1. JANÚAR 2013

GUÐRÚN	4920
ANNA	4468
KRISTÍN	3587
SIGRÍÐUR	3574
MARGRÉT	2981
HELGA	2804
SIGRÚN	2572
INGIBJÖRG	2235
JÓHANNA	1970
MARÍA	1953

Dráttur
á hr
nöfn
fylg

VIN
NÖFN
FÆÐ
Ar
Vik
Ale



TÍSKA Í MANNANÖFNUM

Þorri íslenskra nafna hefur lengi haldist nokkuð óbreyttur þótt alltaf séu ný nöfn að skjóta upp kollinum og er hægt að greina ákveðna tísku-strauma í þeim efnum. Til dæmis hefur síðustu ár borið á fjölgun nafna sem eru framarlega í stafrófinu – af einhverjum ástæðum.

Greinilegt er að sjaldgæf nöfn verða stundum vinsæl vegna þekktra einstaklinga sem bera þau. Baltasar Kormákur varð landsþekktur leikari, leikstjóri og kvikmyndaframleiðandi undir lok síðustu aldar. Fyrir aldamót voru aðeins fjórir sem báru nafnið Baltasar hér á landi; Baltasar Kormákur sjálfur, faðir hans og sonur, og svo einn til. Eftir árið 2000 hefur meira en sextíu drengjum verið gefið nafnið **Baltasar**.

Það sést líka að mannanöfnum sem tengjast norrænni goðafræði er sifellit að fjölga. Fram til 1855 þekktust aðeins nöfnin *Iðunn*, *Baldur* og *Nanna* en síðar bættist við fjöldi annarra goðafræðinafna, svo sem *Sif*, *Óðinn*, *Embla*, *Loki*, *Freyr*, *Týr*, *Freyja* og mörg fleiri. Nú er nafnið þór eitt af algengustu nöfnum landsins.



Þrátt fyrir yfirburðavinsældir eru nöfnin *Jón* og *Guðrún* á hröðu undanhaldi. *Aron* og *Emilía* hafa verið vinsælustu nöfn nýfæðdra barna nokkur síðustu ár. Nafnið *Katrín* fylgir reyndar fast á eftir *Emilíu*.

**VINSÆLUSTU
NÖFN DRENGJA
FÆDDRA 2012**
Aron
Viktor
Alexander

**VINSÆLUSTU
NÖFN STÚLKNA
FÆDDRA 2012**
Emilía
Katrín
Sara

HVER ER ÞESSI JÓN?

Jón er stytting á nöfnunum *Jóhann* og *Jóhannes*. *Jóhannes* er komið úr hebresku og merkir „Guð er náðugur“. Svo virðist sem *Jón* biskup Ögmundsson hafi fyrstur borið nafnið hér á landi en hann fæddist um miðja 11. öld. Til forna var nafnið *Jón* stundum notað um karlmenn sem ekki var hægt að nafngreina, svipað og þegar nú er skrifað *N.N.* Þetta kemur til dæmis fram í 142. kafla *Njálu*. Um 1700 hét nær fjórði hver karlmaður á Íslandi *Jón*.



ÞAÐ MÁ EKKI HEITA HVÆÐ SEM ER

LÖG UM ÍSLENSK MANNANÖFN

Í íslenskum lögum stendur hvernig nöfn eiga að vera. Samtals mega eiginnöfn og millinafn ekki vera fleiri en þrjú og allir verða að bera kenninafn að auki. Eiginnafn þarf að taka eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í málinu. Það þarf líka að falla að íslensku málkerfi og ritvenjum og má ekki valda þeim ama sem það ber. Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng karlmannsnafn. Í lögnum kemur líka fram að sérstök mannanafnanefnd eigi að semja skrá um leyfileg nöfn og skera úr um álitamál ef þau koma upp.

MÁ BJÓÐA ÞÉR MILLINAFN?

Millinafn er ekki það sama og eiginnafn heldur er sérstök skrá yfir þau. Þau eru eins og ættarnöfn að því leyti að bæði karlar og konur geta borið sama nafnið. Dæmi: *Guðrún Hafnfjörð Jónsdóttir*, *Jón Hnifsdal Jónsson*. Önnur millinöfn eru til dæmis *Seljan*, *Falk* og *Blómkvist*.

Millinafnið getur líka verið eiginnafn foreldris í eignarfalli; til dæmis mega foreldrarnir *Þorgeir* og *Erla* gefa *Brynju* dóttur sinni nafnið *Brynja Þorgeirs Erludóttir*, nú eða þá *Brynja Erlu Þorgeirsdóttir*. Ekki er haldin sérstök skrá yfir þessa tegund millinafna.

HVAÐ ER KENNINAFN?

Allir þurfa að bera kenninafn. Flestir kenna sig við móður eða föður með endingunni -dóttir eða -son. Aðrir notast við ættarnafn. Enginn má þó taka upp nýtt ættarnafn en allir sem báru ættarnöfn fyrir árið 1991 mega halda þeim og afkomendur þeirra í kven- og karlegg. Íslenskur ríkisborgari má ekki taka sér ættarnafn maka síns. Ættarnöfn eru því takmörkuð auðlind.

ÞAÐ MÁ BREYTA – EN AÐEINS EINU SINNI

Þjóðskrá Íslands er heimilt að leyfa breytingu á eiginnafni og/eða millinafni en aðeins einu sinni á ævi hvers manns – nema sérstaklega standi á, eins og það er orðað!

JA HÉRNA!


Í lögum um mannanöfn eru nokkur athyglisverð ákvæði. Til dæmis þessi:

24. gr. Geti maður fært sönnur á að annar maður noti nafn hans eða nafn sem líkist því svo mjög að villu geti valdið getur hann krafist þess í dómsmáli að hinn sé skyldaður til að hætta notkun nafnsins.

25. gr. Sé barni ekki gefið nafn innan sex mánaða frá fæðingu er skorað á forsjármenn barnsins að gefa því nafn án tafar. Sinni þeir því ekki innan eins mánaðar og tilgreini ekki gildar ástæður fyrir drætti á nafngjöf má leggja á þá allt að 1000 kr. dagsektir þar til barninu er gefið nafn.

HVAÐ ER NAFN?

Það er eitt mikilvægt atriði sem ekkert stendur um í lögum um mannanöfn. Það er: Hvað er eiginlega nafn? Getur hvaða orð sem er verið nafn á manneskju ef hægt er að stafsetja það á íslensku og beygja? Eru Bókahilla, Kavíar eða Tómatar fullgild nöfn þar sem þau taka eignarfallsendingu og falla að íslensku málkerfi? Þessu er ósvarað.



ÞAU BLÆR OG BLÆR

Það er bara eitt íslenskt eigin nafn sem bæði kynin mega bera. Það er nafnið Blær sem merkir andvari eða gola. Það beygist hins vegar ekki eins í kven- og karlkyni.

KVENKYNSBEYGING:

BLÆR
BLÆ
BLÆVI
BLÆVAR

KARLKYNSBEYGING:

BLÆR
BLÆ
BLÆ
BLÆS

FALLEG EN SJALDGÆF

Hér eru nokkur nöfn sem aðeins einn eða mjög fáir bera:

Jarún
Hneta
Myrk
Tími

Vápn
Vöttur
Þeódís
Öxar

VILT ÞÚ, GRIMMI, GANGA AÐ EIGA SATANÍU ...?

Hér eru nokkur nöfn sem mannanafnanefnd hefur hafnað, meðal annars vegna þess að þau eru talin geta valdið þeim sem þau bera ama:

ENGIFER
FINNGÁLKN
GRIMMI
KONA
SATANÍA



ÚRELT NÖFN

Sum dýraheiti höfum við af einhverjum ástæðum hætt að nota sem eiginnöfn. Kannski væri ráð að taka þau upp aftur? Í gagnagrunninum Íslendingabók má til dæmis finna:

Grís	3 dæmi
Rjúpa	3 dæmi
Skarfur	1 dæmi
Skúmur	4 dæmi
Tófa	6 dæmi
Hafur	13 dæmi

VANNÝTT SEM NÖFN

Strútur
Fluga
Mús
Antílópa
Könguló
Göltur
Kondór
Köttur
Álft
Api

DÝRAHEITI Í FULLRI NOTKUN

Erna
Birna
Hrefna
Kópur
Kría
Lóa
Már
Svanur
Úlfur
Þröstur



DÝRAMANNANÖFN

Fólk hefur alla tíð verið nefnt eftir dýrum. En hvað ræður því að sum dýraheiti verða mannanöfn en önnur ekki? Hvert er réttlætið í því að það er til fólk sem heitir Björn og Erla en ekki Selur og Górilla? Hvers eiga þær dýrategundir að gjalda sem skildar eru út undan?

SVARTHÖFÐI SVARTHÖFÐASON

Í gegnum aldirnar hafa hér á landi verið notuð ýmis nöfn sem þó eru ekki á mannanafnaskrá nútímans vegna þess að enginn hefur beðið um skráningu þeirra. Svathöfði er dæmi um þetta.

Kannski hefur enginn sótt um nafnið vegna þess að það er nú kunnast sem íslenskt heiti eins þekktasta illmennis kvikmyndasögunnar, Darth Vader úr Stjörnustríðsmýndunum. Í Íslendingabók, sem er skrá á tölvutæku formi yfir ættir nær allra Íslendinga sem heimildir eru til um, má þó sjá að tuttugu og tveir menn hafa borið nafnið Svathöfði frá landnámi – þar af einn Svathöfði Svathöfðason. Þeirra á meðal voru bændur, prestar og hreppstjórar. Sá síðasti dó 1771.



Jánngerður Brandsdóttir er svalasta kvenmannsnafn Íslendssögunnar.